

50. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund mánudaginn 5. desember 2005 kl. 17:30 í Ráðhúsinu. Mætt voru Magnús A. Sigurðsson, Guðrún A. Gunnarsdóttir, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, Ægir Jóhannsson og Laufey V. Hjaltalín.

Formaður, Guðrún A. Gunnarsdóttir, setti fund.

Rætt var um framtíðarhúsnæði Amtsbókasafnsins. 1. nóvember sendi safna- og menningarmálanefnd bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar greinargerð um Vatnasafn og húsnæðismál Amtsbókasafnsins. Greinargerðin fylgir þessari fundargerð. Nefndin ítrekar við bæjarstjórn að hagsmunir bókasafnsins verði hafðir í fyrirrúmi þegar ákvarðanir verða teknar um nýtt húsnæði og tímasetningar.

Nefndin kom saman 20. nóvember ásamt Steinþóri Sigurðssyni. Einnig komu á fundinn Sr. Petra og Sr. Antonia. Steinþór hefur tekið að sér að hanna sýningu í tilefni af 70 ára starfsafmæli St.Franciskussystra í Stykkishólmi.

Safna- og menningarmálanefnd fagnar undirritun menningarsamnings fyrir Vesturland á aðalfundi SSV 28. október sl. Nefndin er fullviss um að þessi samningur muni efla menningarstarf á Vesturlandi.

Fundi slitið kl. 18:40.

Magnús A. Sigurðsson (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.).

Íhs.